



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

MYNDLISTAMENNIRNIR Kristinn E. Hrafnsson og Þór Vigfússon ígrunda staðsetningu á verki Kristins, Sjö vatnsborð. Í bakgrunn má sjá málverk eftir Georg Guðna. Á myndinni til hægri er verkið Móttaka eftir Finnoga Pétursson frá 1993.

## KJARVALSSTAÐIR Á LISTAHÁTÍÐ

# ÚRVAL SAFNSINS

SÝNINGIN Stiklað í straumnum verður opnuð á Kjarvalsstöðum í dag, laugardag, kl. 16 og þar verða í öllum sölum hússins sýnd úrval verka í eigu Listasafns Reykjavíkur. Yfirskrift Listahátíðar er Þar sem straumar mætast og á þessari sýningu verður stiklað um í meginstræum íslenskrar myndlistar, og þá aðallega í straumiðu síðstu áratuga.

Listasafn Reykjavíkur á verk eftir fjölda íslenskra myndlistarmanna en heildarsafneignin er um 13.000 verk. Á meðal þeirra listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Ólöf Nordal, Birgir Andrússon, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Kristinn Hrafnsson, Daniel Magnússon, Halldór Ásgeirsson, Þorghildur Óskarsdóttir, Alfreð Flóki, Kristinn G. Harðarson, Ólafur S. Gíslason og Finnogi Pétursson. Hluti sýningarinnar verður helgaður verkum eftir Jóhannes Kjarval.

„Sú umgjörð sem náttúran hefur skapað mannum hefur lengi verið listamönnum drjúgt yrkisefni, sem og hvernig menning hefur náð að þróa í þessu umhverfi. Hver kynslóð hefur nálgast landið með sínum hætti, og sömuleiðis hefur saga þjóðarinnar kveikt mismunandi ímyndir meðal listamanna í gegnum tíðina. Hvert einstakt verk er tjáning viðkomandi listamanns á þeim áhrifum sem hann hefur orðið fyrir, hvort sem þau eru sótt til náttúru landsins, í sögu þjóðarinnar, í alþjóðlega menningarsögu eða eigið líf. Þau endurspeglar einnig ákveðið formskyn, hugmyndir um fagurfræði, tækni, tíðaranda og þær stefnur sem ríkja í myndlist á hverjum tíma,“ segir í fréttatilkynningu frá safninu.

Sýningin stendur til 30. ágúst og er opin frá kl. 10–18 alla daga. Leiðsögn um sýninguna er alla sunnudaga kl. 16.

## Tíu þúsund miðar seldir

„VIÐ erum búin að selja 9.771 miða á Listahátíð af 12.567, sem í boði eru hjá okkur, en þá eru Carmen Negra og popphátíðin ekki innifalin. Og myndlistarsýningar eru heldur ekki inni í okkar tölum,“ sagði Signý Pálsdóttir, framkvæmdastjóri Listahátíðar. Af þeim atriðum, sem eftir eru, er uppselt á tónleika Galinu Gorchakovu og Seið Indlands, en miða má enn fá flutning Voces Thules á Porlákstíðum, tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sýningar Íslenska dansflokksins.

Af þeim atriðum, sem flestir hafa sótt nefndi Signý fimm sýningar Le Cercle Invisible, sem 2507 manns sáu, sýningar Am-lima sem 1304 sáu og 736 sóttu tónleika Jórdi Savall í Hallgrímskirkju.

Á síðustu Listahátíð voru gestir 27.312 talsins, en inni í þeirri tölu eru þrennir popptónleikar; David Bowie, sem 5500 sóttu, Björk Guðmundsdóttir, sem 4000 sóttu og jafnmargir komu á tónleika Cult.

## ÁRBÆJARSAFN

# SUMARSTARFIÐ HEFST

SUMARSTARF Árbæjarsafns hefst mánudaginn 1. júní, annan í hvítasunnu. Þá verður opnuð sýning í húsinu Lækjargötu 4 undir yfirskriftinni Við torgið. Á sýningu þessari er stiklað á stóru í sögu Reykjavíkur, jafnframt því sem sýningin varpar ljósi á margþætta starfsemi hinna ýmsu deilda Árbæjarsafns. Myndir Jóns Helgasonar skipa veglegan sess á sýningunni en einnig er að finna fornleifar, búninga, líkón og teikningar frá Reykjavík, ennfremur útskurð og húsgögn.

Einnig verður í tengslum við sýningu þessa opnuð Fræðastofa Árbæjarsafns. Þar geta gestir og gangandi skoðað bækur sem tengjast sögu Reykjavíkur. Ýmis gögn og skýrslur sem tengjast starfsemi Árbæjarsafns verða þar einnig. Fræðastofan er staðsett á annarri hæð hússins Lækjargötu 4.

Veitingasalan í Dillonshúsi opnar um leið og safnið. Börn á öllum aldri geta nú skoðað nýju leikfangasýninguna „Fyrir var oft í koti kátt...“ í Kornhúsinu. Handverksfólk verður að störfum og alla sunnudaga verða sérstakir viðburðir.



VIÐ torgið er yfirskrift sýningarinnar í Lækjargötu 4.



### Laugardagur

ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN: Trú og tónlist í íslenskum handritum fyrri alda. Kl. 14.

Kjarvalsstaðir: Stiklað í straumnum. Kl. 16.

Regnboginn: Cremaster 4, eftir Matthew Barney. Kl. 17.


## Klúbbur Listahátíðar, Iðnó

### Laugardagur

Dansarar frá Nederlands Dans Theater III koma í heim-sókn kl. 17.

# KLASSÍSK DIDDÚ

Upptökum á nýrri geislaplöt með Diddú lauk í gær. Björgvin Halldórsson, sem er framleiðandi og stjórnar upptökum, sagði, að nafn plötunnar væri ekki ákveðið, en vinnuheit er klassísk Diddú. „Hún syngur allar helztu perlur óperuheimsins,“ sagði Björgvin, en á plötunni verða 14 lög. Í gær söng Karla-kór Reykjavíkur með Diddú í La Vergine Di Angeli úr Á valdi örlaganna og undir lék fullskípuð Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Robin Stapleton. Þá kemur Hljómkórinn einnig við sögu á plötunni. „Það er voðalega gaman að fást við svona stór verkefni, ég tala nú ekki um þegar valinn maður er í hverju rúmi,“ sagði Björgvin, en þetta er þriðja geislaplatan, sem hann vinnur með Diddú.



## MENNING / LISTIR

Í NÆSTU VIKU

### MYNDLIST

- Ásmundarsafn - Sigtúni Yfirlitss. á verkum Ásmundar Sveinssonar. Gallerí Fold við Rauðarárstíg Þorbjörg Höskuldsd. Til 1. júní.  
Gallerí Gangur, Rekagrandar 8 Robert Devriendt. Út júní.  
Gallerí Hornið, Hafnarstræti Tólli. Til 18. júní  
Gallerí Listakot, Laugavegi 70 Sigurrós Stefánsdóttir.  
Gallerí Nema hvað, Þingholtsstræti 6 Sýn. á örvorkum nemenda Myndlista- og handfaskóla Íslands. Til 30. maí.  
Gallerí 20 fm, Vesturgötu 10 Hreinn Friðfinnsson. Til 7. júní.  
Gallerí Smíðar & skart, Skólav. stíg 16a Charlotta R. Magnúsd. Til 4. júní.  
Gallerí Sævars Karls Vasamyndir e. Erró og Skúlptúrar e. Guðjón Bjarnason.  
Hallgrímskirkja Málverk eftir Eirík Smith.  
Háteigskirkja, safnaheimili á tengingangi Sýning á textílmýndverkum eftir Heidi Kristiansen. Út júní.  
Ingólfsstræti 8 Grænnetsleikur: Inga Svala Þórsdóttir og Wu Shan Zhuan. Til 21. júní.  
Jómfrúin, Lækjargötu Greipar Ægis. Sandskúlptúrar. Til 4. júní  
Kjarvalsstaðir Stiklað í straumnum. Úrval verka úr eigu Listasafns Reykjavíkur. Til 30. ágúst.  
Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn Trú og tónlist í íslenskum handritum fyrri alda. Til 31. ágúst.  
Listasafn ASÍ Ásmundarsalur og Arinstofa: Mannamyndir Ágústs Petersen. Gryfja: Portrett barna. Til 5. júlí.  
Listasafn Einars Jónssonar, Skólavörðuholti Opíð laug. og sun. kl. 13.30-16. Höggmyndagarðurinn er opin alla daga.  
Listasafn Íslands, Fríkirkjuvegi 7 Kaffistofa: Grafíkmyndir Jóns Engilberts. Út júlí. Sýning á höggmyndum Max Ernst.  
Listhús Ófeigs, Skólavörðustíg Norskar konur sýna textíl og skart. Til 13. júlí.  
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Laugar-nestanga Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsinu Konur, úrval úr Errósafni Reykjavíkurborgar. „Úr málmí“ Örn Þorsteinsson myndhöggvari. Til 1. júlí.  
Mokkakaffi Jón Gunnar Árnason. Sumarsýning.  
Norræna húsið Fígurátt list frá Norðurl. og Þýskalandi.  
Nýlistsafnið Flögð og fögur skinn. Til 7. júní.  
Stofnun Árna Magnússonar, Árnagarði v. Suðurgötu Handritasýningin Þorlákstíðir og önnur Skálholtshandrit. Til 31. ágúst.  
Stöðlakot Akvarellur. Hafsteinn Austmann. Til 7. júní.  
SPRON, Álfabakka 14, Mjódd Bragi Ásgeirsson. Til 5. júní.  
Sparisjóður Vélstjóra, Borgartúni Sandskúlptúrar. Til 4. júní.  
Þjóðminjasafnið Margrét II Danadrottning. Kirkjuklæði. Til 7. júní.

### TÓNLIST

- Laugardagur Þriðjudagur 2. maí Háskólabíó: Galina Gorchakova. Kl. 20.  
Miðvikudagur Kirkjuhvoll, Garðabæ. Tónlistarsk. Garðabæjar Brúðkaup Fígarós. Kl. 20.  
Föstudagur Kirkjuhvoll, Garðabæ. Tónlistarsk. Garðabæjar Brúðkaup Fígarós. Kl. 20.  
Föstudagur Háskólabíó: Sinfóníuhljómsv. Íslands. Hljómsv. stj. Yan Pascal Tortelier. Einleikari: Viviane Hagner.

### Leikhús

- Þjóðleikhúsið Óskastjarnan, fös. 5. júní.  
Meiri gauragangur, fim. 4. júní.  
Poppkorn, fös. 5. júní.  
Gamansami harmleikurinn, fös. 5. júní.  
Borgarleikhúsið Sex í sveit, mið. 3. júní.  
Loftkastalinn Bugsy Malone, lau. 30. maí.  
Leikhúsvagninn: Nótin skömmu fyrir skógana, mán. 1. júní.  
Fjögur hjörtu, lau. 30. maí.  
Renniverkstæðið, Akureyri, lau. 23., sun. 24. maí.  
Á sama tíma að ári, lau. 30., sun. 31. maí. Mán. 1., fim. 4. júní.  
Íslenska óperan Rokk-, salza-, poppsöngleikur. Mið. 3., lau. 6. maí.  
Leikfélag Akureyrar Markúsarguðspjall, Bústaðakirkja, Reykjavík, sun. 31. maí. Mán. 1. júní.  
Nemendaleikhúsið Uppstoppaður hundur, lau. 30. maí.  
Kaffileikhúsið Svíkamyllan, lau. 30. maí.

### Dans

- Borgarleikhúsið Íslenski dansflokkurinn. Afmælisfrums. Fim. 4. júní. Fös. 5. júní.  
Iðnó Seiður Indlands. Frums. lau. 6. júní.